



# Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

---

**Atvinnuveganefnd**  
**Alþingi við Austurvöll**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík 13. febrúar 2015

Varðar breytingartillögu meirihluta atvinnuveganefndar og frávísunartillögu minnihluta nefndarinnar og Rammaáætlun.

Í haust lagði þáverandi umhverfisráðherra fram eftirfarandi:

Alþingi ályktar að eftirfarandi breyting verði á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141: Liðurinn „Suðurland, Þjórsá, 29 Hvammsvirkjun“ í a-lið 2. tölul. (Biðflokkur) færast í a-lið 1. tölul. (Orkunýtingarflokkur).

Náttúruverndarsamtök Íslands gerðu nokkrar [athugasemdir](#). Ein sú helsta var málsmeðferðin; að taka fyrir einn virkjunarkost, Hvammsvirkjun en ekki hafa fleiri til samanburðar.

Þann 26. janúar sl. barst samtökunum beiðni um umsögn við sömu [þingsályktunartillögu](#):

Alþingi ályktar að eftirfarandi breyting verði á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141: Liðurinn „Suðurland, Þjórsá, 29 Hvammsvirkjun“ í a-lið 2. tölul. (Biðflokkur) færast í a-lið 1. tölul. (Orkunýtingarflokkur).

Með hinni síðari fylgir breytingartillaga meirihluta nefndarinnar í viðhengi. Nefndin leggur til að auk Hvammsvirkjunar verði bætt við Urriðafossvirkjun, Holtavirkjun, Skrokkölduvirkjun og Hagavatnsvirkjun. Þessi breytingartillaga meirihluta atvinnuveganefndar er gjörbreytt frá hinni fyrri sem umhverfísráðherra mælti fyrir s.l. haust.

Enginn skriflegur rökstuðningur eða greinargerð fylgir þessari breytingartillögu meirihluta atvinnuveganefndar. Á hinn bóginn hefur formaður atvinnuveganefndar lýst afstöðu sinni í fjölmiðlum á þá leið að nær ekkert hafi verið virkjað frá hruni og nú þurfi að taka til hendinni.<sup>1</sup>

Í 3. mgr. 10 gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun(rammaáætlun) segir eftirfarandi:

Að fengnum niðurstöðum faghópa vinnur verkefnisstjórn drög að tillögum um flokkun virkjunarkosta og afmörkun virkjunar- og verndarsvæða í samræmi við flokkunina. Hún skal leita samráðs við almenning og umsagna um drögin hjá viðeigandi stofnunum, stjórnvöldum ríkis og sveitarfélaga, félagasamtökum og hagsmunaaðilum. Að liðnum umsagnarfresti og að loknu samráði tekur verkefnastjórnin afstöðu til fyrirbyggjandi virkjanaáforma og kynnir framangreindum aðilum tillögur að verndar- og orkunýtingaráætlun og auglýsir þær með opinberum hætti í dagblaði sem gefið er út á landsvísu, Lögbirtingablaðinu og á vefsíðu sinni. Í auglýsingunni skal koma fram hvar má nálgast tillögur verkefnisstjórnar og öllum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum með tilgreindum hætti og innan ákveðins frests sem skal ekki vera skemmri en tólf vikur frá birtingu auglýsingar.

Eftir því sem næst verður komist hefur verkefnisstjórn hvorki tekið afstöðu til Hagavatnsvirkjunar né Skrokköldu. Verkefnisstjórn hefur ekki tekið endanlega afstöðu til Holtavirkjunar eða Urriðafossvirkjunar. Að Hvammsvirkjun undanskilinni hafa engar „tillögur að verndar- og

<sup>1</sup> Athygli nefndarinnar skal vakinn á að Búðarhálsvirkjun var gangsett 7. mars 2014. Er hún 7. stærsta virkjun landsins. Sjá: <http://kjarninn.is/leggid-fra-ykkur-ovirku-fjarstyringuna>

orkunýtingaráætlun” verið kynntar af hálfu verkefnisstjórnar, líkt og lögin kveða á um.

Lögum samkvæmt ber verkefnisstjórn og Alþingi að taka tillit til umhverfissjónarmiða við röðun virkjanakosta. Fullyrðingar um að mat á umhverfisáhrifum einstakra virkjana komi í stað lögformlegrar umfjöllunar Alþingis standast ekki.

Í 4. mgr. 3. gr. laga nr. 48/2011 segir:

Í verndar- og orkunýtingaráætlun skal í samræmi við markmið laga þessara lagt mat á verndar- og orkunýtingargildi landsvæða og efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg áhrif nýtingar, þ.m.t. verndunar.

Ennfremur, segir í 4. mgr. 10. gr. laganna:

Að loknu samráðs- og kynningarferli, og að loknu umhverfismati í samræmi við [lög nr. 105/2006](#), um umhverfismat áætlana, leggur verkefnisstjórn fyrir ráðherra rökstuddar tillögur um flokkun virkjunarkosta og afmörkun landsvæða í samræmi við flokkunina .

Í 5. mgr. 10 gr. laganna segir, að

Ráðherra tekur tillögur verkefnisstjórnar til skoðunar og gengur frá tillögu um verndar- og orkunýtingaráætlun í samræmi við 3. gr. Ef lagðar eru til breytingar á tillögu verkefnisstjórnar skal leita umsagna þeirra aðila sem greinir í 2. mgr. og þær kynntar almenningi með þeim hætti sem þar greinir áður en tillaga að verndar- og orkunýtingaráætlun er lögð fram á Alþingi.

Þessi vinna hefur ekki fram og skýrir e.t.v. hvers vegna meirihluti atvinnuveganefndar skilar engri greinargerð með tillögu sinni.

Vinnubrögð meirihluta atvinnuveganefndar einkennast af miklu óðagoti. Nefna má að á haustþingi kynnti formaður nefndarinnar, Jón Gunnarsson, breytingartillögu á ofangreindri þingsályktunartillögu umhverfisráðherra; tillögu sem fól í sér að færa skyldi 7 virkjanir úr biðflokki í nýtingarflokk auk Hvammsvirkjunar.<sup>2</sup> Rökstuðningur formanns atvinnuveganefndar úr ræðustóli Alþingis var einkum sá að rammáætlun sé ónýtt og að á því beri fyrri ríkisstjórn alla sök.

Nú hefur meirihlutinn dregið nokkuð í land og leggur til að fjórar virkjanir verði færðar úr biðflokki í nýtingarflokki. Þessi vinnubrögð eru til marks um slæleg vinnubrögð og Alþingi tæpast til sóma.

Ef löggin eru meirihluta atvinnuveganefndar ekki að skapi hljóta þeir þingmenn að leggja fram frumvarp til laga um að þeim verði breytt til samræmis við þá stefnu sem þeir vilja fylgja. Það er ekki boðlegt að þingmenn leggi fram breytingartillögu við þingsályktunartillögu sem gengur gegn gildandi lögum. (Lög um verndar- og orkunýtingaráætlun 2011 nr. 48 16. maí).

## **Hvammsvirkjun**

Í bréfi sem Orri Vigfússon reit atvinnuveganefnd, f.h. Verndarsjóðs villtra laxa dags. 21. nóvember sl. segir:

Þrátt fyrir ítrekaðar óskir hefur Landsvirkjun ekki látið í té upplýsingar um rennslismælingar, göngur seiða og fullvaxta fiska, upplýsingar um hrygningaraðstæður og mat stofnstærða og lífslíkön (population viability analysis) samanber óskir okkar í eftirfarandi (og hjálögðum) bréfum:

---

<sup>2</sup> Virkjunarkostirnir voru Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun í Þjórsá, Skrokkölduvirkjun í Köldukvísl milli Tungnafellsjökuls og Vatnajökuls, Hólmsársvirkjun við Atley, austan Sandfellsjökuls í Mýrdalsjökli, Hagavatnsvirkjun í Farinu við Langjökul og jarðvarmavirkjanirnar Hágöngur eitt og tvö, í jaðri Vatnajökulsþjóðgarðs.

Sjá einnig: <http://www.ruv.is/frett/logbundin-umfjollun-ekki-farid-fram>

Bréf NASF til Landsvirkjunar, Óla Grétars Sveinssonar, 6. jan 2012

Bréf NASF til Landsvirkjunar, Helga Jóhannessonar, 19. mars 2012  
Bréf NASF til Landsvirkjunar, Bryndísar Hlökkversdóttur, 25. Nóv 2013  
Tölvupóstur til Guðna A. Jóhannessonar, Orkustofnun, 8. janúar 2014  
Tölvupóstur til Hermanns Sveinbjörnssonar, UAR, 9. október, 2014.

Óskað er eftir að atvinnuveganefnd krefji Landsvirkjun um svör til að sérfræðingahópur okkar geti haldið áfram nauðsynlegum greiningum á verkefninu.

Spurt var um seiðaveitur sem Landsvirkjun hefur ekki fullmótaðar hugmyndir um:

Hefur atvinnuveganefnd leitað eftir og fengið fullnægjandi svör við þessum ábendingum Orra Vigfússonar?

### **Urriðafossvirkjun**

Í umræðum um Þingsályktun um Rammaáætlun á Alþingi í desember 2012 fór Sigurður Ingi Jóhannsson 11 sinnum í pontu til að tala fyrir því að Urriðafoss yrði settur í biðflokk. Hinn 12. desember sagði Sigurður Ingi:

Þess vegna hef ég verið á þeirri skoðun að það hefði verið góður salómónsdómur, það hefði verið skynsamlegast að halda inni efri hluta af tveimur virkjununum, Holta- og Hvamms-, (Forseti hringir.) en setja Urriðafoss í bið og láta (Forseti hringir.) tímunn hjálpa okkur við að skoða þetta með seiðafleyturnar.

Enn er spurt: Hefur fengist einhver reynsla á hvort hugmyndir Landsvirkjunar um seiðafleytur séu raunhæfar. Ennfremur, talaði Sigurður Ingi ekki fyrir hönd Framsóknarflokksins þegar hann mælti fyrir þessum “Salómónsdómi”? Hefur flokkurinn skipt um stefnu.


Náttúruverndarsamtök Íslands gera þá kröfu að fagleg vinnubrögð verði í heiðri höfð við ákvarðanatöku um Rammaáætlun; að ekkert verði aðhafst sem kunni að stefna stofnum laxa og sjóbirtinga í ánni í voða. Miðað við þær

upplýsingar sem fyrir liggja er það engan veginn tryggt. Um er að ræða stærsta villta laxastofninn á Íslandi. Ábyrgð Íslands er því mikil.

Atvinnuveganefnd ber að virða lög nr. 48/2011 um Rammaáætlun.

Náttúruverndarsamtök Íslands taka undir frávísunartillögu minnihluta atvinnuveganefndar. Tillagan er vel rökstudd.

Virðingarfyllt,  
f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands,

A handwritten signature in dark ink, appearing to read 'Árni Finnsson', written in a cursive style.

Árni Finnsson.